

## Reglur um úthlutun Varmahlíðar, listamannaíbúðar í Hveragerði

### **1. grein**

Menningar, íþróttar og frístundanevnd úthlutar dvöl til listamanna. Horft er til listamanna sem eru í fagfélögum í sinni listgrein auk annarra listamanna.

### **2. grein**

Auglýst er eftir dvöl í Varmahlíð í nóvember ár hvert og er úthlutað á fundi menningar-, íþróttar- og frístundanevndar í desember fyrir komandi ár. Húsinu er úthlutað í 2 til 4 vikur í senn, listamönnum að kostnaðarlausu.

Hveragerðisbær áskilur sér rétt til að ráðstafa húsinu á annan hátt ef þess er þörf.

### **3. grein**

Þeir sem hafa fengið úthlutað s.l. tvö ár hafa ekki forgang.

### **4. grein**

Af hálfu míf-nevndar er farið á leit við þá sem hljóta úthlutun að heimsækja skólana í Hveragerði og/eða semji við menningar- og frístundafulltrúa um á hvern hátt listamaðurinn komi fram í bænum.

### **5. grein**

Úthlutun menningar, íþróttar- og frístundanevndar Hveragerðis skal kynnt á heimasíðu bæjarins.

Reglur þessar taka gildi frá og með 10. október 2019.